

Akureyri 19.12.2022

Matvælaráðuneytið
mar@mar.is

Efni: Ómannaðar dýralæknavaktir, dýravelferð og starfsumhverfi dýralækna

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem komin er upp varðandi dýralæknabjónustu og mönnun bakvaktaþjónustu dýralækna. Í þessu samhengi vill DÍ vísa í bréf frá Eddu Þórarinsdóttur dýralækni í Borgarfirði sem fylgir með í viðhengi.

Almenn óánægja ríkir meðal dýralækna með vaktafyrirkomulag og bakvaktaálag dýralækna. Á það við víða á landinu og einskorðast ekki við eitt svæði eða dreifðari byggðir.

Á höfuðborgarsvæðinu (suðvesturhluta landsins) er staðan sú að „vaktapottinum“ fyrir opinberar greiðslur hefur verið skipt upp í tvennt, það er hálfur pottur fer í stórdýrahlutann og hálfur í smádýrahlutann. Ástæða þess að vaktapottinum var skipt upp á höfuðborgarsvæðinu er mikil sérhæfing dýralækna á því svæði en vegna sérhæfingarinnar treysta dýralæknar sér ekki til taka þátt í blandaðri vakt gæludýra og stórdýra. Stórdýravaktin hefur verið rekin með miklum halla þar sem greiðslur úr vaktasjóðnum duga skammt til að dekkja launakostnað dýralækna á vakt auk þess sem innkoma á vaktinni er það lítil að hún stendur ekki undir kostnaði. Þetta hefur gert það verkum að ekki tekst að manna svæðið og leita þarf til nágrannahéraða varðandi bakvaktaþjónustu.

Í dreifðari byggðum eru einstaka svæði sem jafnvel einn dýralæknir er með vaktina allt árið um kring en gríðarlegt álag er að þurfa að sitja bakvakt svo vikum og mánuðum skiptir án þess að fá afleysingar. Á öðrum svæðum eins og á Suðurlandi eru svæðin svo stór að einn dýralæknir getur ekki sinnt öllu svæðinu og því er vaktapottinum skipt til helminga á svæðið og alltaf tveir dýralæknar á vakt á sitthvoru svæðinu til að tryggja að viðbragðstími og álag verði viðráðanlegt. Í reglugerð um bakvaktir nr. 406/2020, 2. gr. kemur fram að dýralæknir sem hefur tekið þátt í bakvöktum í 960 klst á ári hafi uppfyllt vaktaskyldu sína. Hann getur þá leitað eftir að aðrir dýralæknar taki bakvaktina fyrir sig en víða er það þannig að engan dýralækni er að fá til afleysinga þannig að möguleikar á að geta tekið vaktafrí eru litlir, sérstaklega í smærri byggðum þar sem allir þekkja dýralækninn og erfitt að neita fólki um þjónustu sé leitað til dýralæknisins með veik dýr.

Fyrir bakvaktaþjónustu er greitt samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið frá 1999. Þóknun samkvæmt samningnum er tímagjald fyrir veitta þjónustu á hverju vaktsvæði fyrir sig, sbr. 3. gr. Þessum samningi var sagt upp af ríkinu í ágúst 2009 og átti uppsögnin að taka gildi 01. janúar 2010. Félagsdómur komast svo að þeirri niðurstöðu í mars 2010, sbr. mál 8/2010, að um greiðslur og fyrirkomulag vaktþjónustu dýralækna skv. 12. gr. laga 66/1998 eigi að fara skv. samningnum frá 1999, þar til nýr samningur um vaktþjónustu tekur gildi. Síðan hefur verið greitt samkvæmt samningnum og ekki gerð tilraun af hálfu aðila til að semja að nýju. Fyrir því eru margar ástæður. Samningurinn frá 1999 er að mörgu leiti ófullnægjandi að mati DÍ, en



Dýralæknafélag Íslands

þar vantar sárlega að skilgreina betur hvaða dýralæknaþjónustu bakvaktageiðslurnar eiga að dekkja. Ekkert er sagt til um kröfur um staðsetningar dýralæknanna, svartíma/viðbragðstíma eða mögulega framhaldsþjónustu af þeirra hálfu, s.s ráðgjöf, vitjanir o.fl.

Skipulag vaktamála er á ábyrgð Matvælastofnunnar. Héraðsdýralæknir skal skipuleggja vaktir í samráði við þá dýralækna sem eru á svæðinu og taka þátt í vöktum. **Það er hins vegar augljóst að Mast hefur ekki tekist að uppfylla hlutverk sitt í að skipuleggja bakvaktir í samráði við dýralækna á öllum svæðum** og þar með að tryggja nauðsynlega grunnþjónustu um allt land.

Dí hefur áður farið yfir áhyggjur félagsins varðandi dýralæknaþjónustu í landinu og skort á dýralæknum, fyrst á fundum með ráðuneytinu þar sem í kjölfarið var sent inn minnisblað á ráðneytið auk þess að óska eftir og fá fund með ráðherra landbúnaðarmála, Svandísi Svavarsdóttur, þann 10. ágúst síðastliðinn. Dí hefur **ekki fengið nein viðbrögð frá ráðmönnum varðandi málefnið og finnst félaginu það nokkuð lýsandi fyrir þá forgangsröðun og athygli sem stjórn málamenn kjósa að sýna málefninu.**

Það er að mati Dýralæknafélagsins afar mikilvægt að ráðneytið taki afstöðu til þess hvers konar umgjörð stjórnvöld vilja búa dýraeigendum, bændum og ekki síst dýralæknum. Umrætt atvik sem bréf Eddu fjallar um, sýnir það bersýnilega að dýraeigandinn á í erfiðleikum með að tryggja dýri sínu þá neyðarhjálp **sem honum ber að kalla til samkvæmt 7. gr. laga um velferð dýra 55/2013.** Þá er dýralæknirinn settur í afar erfiða og óboðlega stöðu þar sem hún tekur þá áhættu að dýr á hennar vaktarsvæði muni ekki fá nauðsynlega neyðarþjónustu á því tímabili sem hún „sinnir“ neyðaútkalli í nágrennahéraði.

Allir dýralæknar eru meðvitaðir um skyldur sínar þegar kemur að því að hjálpa dýrum í neyð. Hins vegar eru dýralæknar í mörgum tilfellum settir í vonlausa aðstöðu gagnvart því að sinna þessum skyldum sínum vel. Nokkuð sem gerir það að verkum að enn erfiðara verður að fá dýralækna til að taka þátt í vaktasamstarfi. Vinnuskilyrðin eru á köflum ómannúðleg og má þar vitna í stór vaktarsvæði, mikið álag og mikla vaktaskyldu. Færa má rök fyrir því að starfsskilyrði margra dýralækna sé ekki á pari við þau lágmarksréttindi sem koma fram í kjarasamningum og við það verður ekki unað.

Dí fer fram á við Matvælaráðuneytið að farið verður í tafarlaugar úrbætur á:

- Að Matvælaráðuneytið og Matvælastofnun fari strax í þá vinnu að leita allra leiða til að tryggja vaktþjónustu dýralækna á Suðvesturlandi. Í því samhengi að hefja verði viðræður við dýralækna í nágrennahéruðum svo að tveir dýralæknar séu á vakt (bakvakt fyrir vaktina) hlýtur ráðneytið að átta sig á því að lausn mun aldrei finnast nema að bjóða dýralæknum greiðslu fyrir stærra svæði og aukið álag. Einnig skal bent á ýmsar tillögur til úrbóta tengt þessum svæðum, sem kemur fram í skýrslu samráðshóps um „*Tillögur að breyttu fyrirkomulagi dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum*“ frá 2020.
- Skilgreina þarf ábyrgð ríkisins og ábyrgð dýralækna þegar kemur að vaktþjónustu og þjónustu við dýr í neyð. Í 12. gr. laga um dýralækna nr 66/1998 kemur fram að þeir dýralæknar sem stundi praksís séu skyldugir að taka þátt í bakvöktum. Stjórn Dí mun beita sér fyrir því að **ef halda eigi ákvæðum** um bakvaktaskyldu dýralækna inni í lögum um dýralækna að þá sé það algjör forsenda þess að hið opinbera greiði ásættanleg laun fyrir þá þjónustuskýldu. **Dýralæknar geta ekki verið eina starfsstéttin sem skuli taka bakvaktir samkvæmt lögum án þess að fá greitt fyrir það.**



Dýralæknafélag Íslands

- Í framhaldinu skorar DÍ á Matvælaráðuneytið að setja **strax af stað vinnu** til að greina vanda tengt dýralæknabjónustu í heild sinni. Í því samhengi skal bent á að nágrannabjóðir okkar (Noregur, Svíþjóð og Finnland) hafa öll sett af stað mikla vinnu til greina vandann og þær áskoranir sem fylgja því að færri dýralæknar fást í störf úti á landi og um leið færri dýralæknar gefa kost á sér í bakvaktabjónustu. Þróunin er ekki góð og er það mat DÍ að sú uppstokkun sem hefur átt sér stað á kerfinu hérlandis (svo sem dýralæknabjónustusamningar, aðskilnaður eftirlits og bjónustu) hefur síður en svo skilað okkur á betri stað, þá bæði varðandi starfsumhverfi dýralækna og einnig að tryggja nauðsynlega bjónustu fyrir veik og slösuð dýra.
- Vaktasamningur milli DÍ og ríkisins frá 1999,
- Að Matvælaráðuneytið sýni frumkvæði og vilja til að taka upp og endurskoða vaktasamning milli DÍ og ríkisins frá 1999 og endurskoða enda sé samningurinn afar ófullnægjandi á margan hátt eins og áður hefur verið bent á. DÍ vill þó benda á að vaktasamningurinn einn og sér leysi ekki vandann varðandi það að tryggja dýralæknabjónustu um allt land en sé mikilvægur þáttur í lausn á þeim vanda sem bjónustukerfi dýralækna sé komið í.

Virðingarfyllst fh DÍ,

Bára Eyfjörð Heimisdóttir formaður

Afrit sent á :

Matvælastofnun, mast@mast.is; sigurborg.dadadottir@mast.is; hronn.jorundsdottir@mast.is

Ríkisendurskoðun, einar.orn.hedinsson@rikisendurskodun.is; postur@rikisendurskodun.is

Eddu Þórarinsdóttur, gigahestar@gmail.com